

Reykjavík, 25. júní 2009.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Helgi Hjörvar, formaður

**Efni: Umsögn óbyggðanefndar um frumvarp til laga um fyrirhugaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál.**

Þess skal fyrst getið að þjóðlendumál hafa staðið yfir frá árinu 1998 og óbyggðanefnd lokið umfjöllun um rúmlega 86% af landi innan miðhálandisskipulags og 66% af landinu öllu. Grundvallarreglur jafnræðis og réttaröryggis leiða til þess að óhjákvæmilegt er að ljúka þessum málum.

Óbyggðanefnd hefur í samvinnu við forsætisráðuneyti nú þegar lagt drög að ráðstöfunum í því skyni að draga verulega úr kostnaði strax á þessu ári. Þannig ákvað nefndin á fundi sínum í gær að taka ekki til meðferðar ný svæði og að fjármálaráðherra þyrfti ekki að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum fyrr en í fyrsta lagi árið 2012.

Markmið stjórnvalda um sparnað við málaflokkinn sýnast því geta náðst. Kröfulýsingahlé yrði notað til þess að undirbúa óhjákvæmilegt áframhald og lok verkefnisins en stefna þá að mun lægri kostnaði árlega. Má í því sambandi vísa til fyrirkomulags svipaðra mála í Noregi. Afar óheppilegt væri ef engin undirbúningur færi fram í kröfulýsingahléi. Af því hlytist mun meiri kostnaður við að taka upp þráðinn að nýju auk þess sem sérfræðipækning gæti farið forgörðum.

Málsmeðferð á svokölluðu svæði 7B er nú svo langt komin í lögbundnu ferli að óbyggðanefnd telur útilokað annað en að henni verði lokið. Þjóðlendukröfur hafa verið kynntar og gagnaöflun og annar undirbúningur löngu hafinn. Frestun á frekari málsmeðferð á því svæði myndi ekki leiða til sparnaðar heldur þvert á móti aukins kostnaðar og áralangrar óvissu þeirra aðila sem í hlut eiga. Sú óvissa stendur í vegi fyrir ákvörðunartöku réttra eigenda og getur einnig hvatt til heimildalausra ráðstafana, svo sem sölu eða leigu á landi og réttindum til vatnsorku, jarðvarma o.s.frv.

Óbyggðanefnd gerir eftirfarandi tillögur að breytingum á ákvæðum frumvarpsins:

- Í stað ártalsins „2014“ komi „2015“. Tæki það betur mið af áætlun óbyggðanefndar um þau svæði sem eftir eru og yrði í samræmi við þau markmið að minnka árleg umsvif verkefnisins.
- Fellt yrði út úr bráðabirgðaákvæði að óbyggðanefnd taki ekki til meðferðar ný svæði og fjármálaráðherra lýsi ekki kröfum fyrr en í fyrsta lagi 2012. Óbyggðanefnd tók ákvörðun um slíka frestun á fundi sínum í gær.
- Í bráðabirgðaákvæði laganna verði einnig heimild til að ráða starfsmenn „varanlega“ til annarra sambærilegra starfa innan Stjórnarráðs Íslands. Tilfærsla gæti leitt til vanhæfis viðkomandi starfsmanns eða þess að óeðlilegt þætti að hann kæmi til baka.

Virðingarfyllt

---

Karl Axelsson

---

Sif Guðjónsdóttir

---

Kristín María Gunnarsdóttir